

**2203109 – Tekjur af lóðarsölu**

Lögð fram fyrirspurn frá fulltrúa Miðflokksins 17.03.2022 í bæjarráði

**Hverjar hafa brúttótekjur bæjarfélagsins verið vegna seldra lóða, sundurliðað eftir atvinnulóðum og íbúðarlóðum, eftirtalin ár: 2018, 2019, 2020, 2021.**

Svar:

**Brúttó lóðasala**

<i>í millj. kr.</i>	<b>2018</b>	<b>2019</b>	<b>2020</b>	<b>2021</b>
Atvinnulóðir	553	-88	397	1.487
Íbúðalóðir	396	647	1.965	2.038
Höfnin	172	162	0	36
<b>Alls</b>	<b>1.121</b>	<b>721</b>	<b>2.362</b>	<b>3.561</b>

**Hver hefur útlagður kostnaður bæjarfélagsins verið við að gera lóðirnar klárar fyrir afhendingu (s.s gatnagerðargjöld o.s.frv.), eftirtalin ár: 2018, 2019, 2020, 2021**

Svar:

**Gatnamannvirki og byggingareitir:**

<i>í millj. kr.</i>	<b>2018</b>	<b>2019</b>	<b>2020</b>	<b>2021</b>
Framkvæmdir	872	874	1.145	2.514

**Skv. samantekt Þjóðskrár Íslands fækkaði íbúum Hafnarfjarðarkaupstaðar um 107 á tveggja mánaða tímabili, frá 1. desember 2020 til 1. febrúar 2021. Þessi fækkun kemur til viðbótar þeirri íbúafækkun sem varð á milli ára, frá 1. desember 2019 til 1. desember 2020 sem var um 300 manns. Samtals Á hrunárunum 2008 og 2009, skiluðu flestir þeim lóðum sem hafði verið úthlutað í Skarðshlíðarhverfi og Hellnahraun 2 (iðnaðarlóðir).**

- Endurgreiddi bærinn einhverjar (eða allar) lóðirnar við skil lóðarhafa eða hafði engin greiðsla farið fram eftir úthlutun lóðanna?
- Hafi bærinn þurft að leggja út fyrir yfirtöku lóðanna, hvernig fjármagnaði bærinn það og hjá hvaða banka og á hvaða kjörum?
- Keypti bærinn einhverjar lóðir af þrotabúum?
- Hvernig fjármagnaði bærinn gatnagerð og undirbúning Skarðshlíðarhverfis og Hellnahraun 2 á sínum tíma og hver var kostnaðarupphæðin?

Svar:

**2008:** Lóðum var skilað og endurgreiddar að andvirði um 1,7 milljarður króna og auk þess bakfærðar lóðir fyrir rúmlega 300 millj.kr.

Endurgreiðslur fjármagnaðar með 1,5 milljarða lántöku hjá Lánasjóði til 15 ára, verðtryggt og fastir vextir 5,05%



## HAFNARFJÖRÐUR

**2009:** Lóðum var skilað og endurgreiddar að andvirði rúmlega 400 millj. króna og auk þess bakfærðar lóðir fyrir rúmlega 300 millj.kr.

Endurgreiðslur fjármagnaðar með 500 millj. króna lántöku hjá Lánasjóði til 5 ára, verðtryggt og fastir vextir 6,05%

Ekki kunnugt um að bærinn hafi keypt lóðir af þrotabúum.

Kostnaður vegna Skarðshlíðar nemur um 1,6 milljörðum - sem dreifist frá 2007 - 2021.

Ekki hægt að eyrnamarkja ákveðin lán.

Eftir er að framkvæma fyrir um 500 millj. króna.

Kostnaður vegna Hellnahrauns II nemur um 1,7 milljörðum - sem dreifist frá 2007 - 2021.

Ekki hægt að eyrnamarkja ákveðin lán.

Eftir er að framkvæma fyrir um 200 millj. króna.